

Kennsluáætlun haustið/vorið 2019-2020

Textílmennt í 6. bekk

Í textílmennt eru tvær kennslustundir í viku, hálfan vetur. Kennari er Ólöf Linda Sigurðardóttir.

Vinnulag

Kennslustundir eru að mestu verklegar með sýnikennslu frá kennara. Einnig fá nemendur fræðslu um meðferð áhalda og tækja og mögulega áhættu ef aðgát er ekki viðhöfð við notkun þeirra. Nemendur vinna einir að sínu viðfangsefni og notuð er hugtök sem tengjast textílmennt og ætlast er til að nemendur temji sér notkun þeirra.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Taska og kerti.

Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: óákveðið

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Frá hugmynd að hlut. Vélsaumur klippa tvöfalt efni eftir sniði	Ýmiskonar efni, snið og garn frá kennara. Reynt að endurvinna sem mest	Nemandi getur ... • unnið eftir ferli frá hugmynd til afurðar á fjölbreyttan og skapandi hátt • farið eftir fyrirmælum • gengið frá eftir vinnu sína • sýnt fumkvæði og sjálfstæði við vinnu. • notað hugtök sem tengjast greininni	leiðsagnarmat símat sjálfsmat

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Ólöf Linda Sigurðardóttir